

Fyrirspurn Viðreisnar (dags. 19.01.23)

Ég óska eftir því hér að við verðum upplýst um hver hafa haft vitneskju um skýrsluna frá 2019?

Svar:

Skýrslan sem er dags. 03.07.2019 var unnin af verkfræðistofunni Eflu og send eignasjóði Garðabæjar með tölvupósti, dags. þann sama dag. Í aðdraganda skýrslunnar hafði Efla gert úttekt og rannsóknir á skólahúsnæðinu í samráði við starfsmenn eignasjóðs, bæjarverkfræðing og skólayfirvöld.

Og sömuleiðis óska ég eftir því að vera upplýst um eftirfarandi þætti.

Hvað varðar skráningu gagna. Hver ber endanlega ábyrgð á skráningu þ.e. skjölun gagna sem þessum?

Svar:

Eins og fram hefur komið barst skýrslan eignasjóði Garðabæjar og var vistuð meðal gagna sjóðsins í skjalamöppum eins og venjan var á þeim tíma. Endanlega ábyrgð í þessu tilvik sem og öðrum er varða starfsvettvang starfsmanna ber bæjarstjóri sem æðsti yfirmaður starfsmanna bæjarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Hverjir eru verkferlar er varða skjölun úttekta og skýrslna sem framkvæmdar eru á stofnunum sveitarfélagsins?

Svar:

Að meginstefnu til eru skjöl og önnur gögn sem berast bæjarskrifstofum vistuð í rafrænu skjalakerfi en hvað aðrar stofnanir bæjarins varðar, t.d. eignasjóð, er vistun gagna ekki í öllum tilvikum rafræn en skjöl og skýrslur eru þá vistuð í skjalamöppum eða á annan hátt.

Þegar óskað er eftir skýrslu/úttekt hver óskar eftir henni og í samtali við hverja er slík ákvörðun tekin?

Svar:

Í þeim tilvikum sem um er að ræða úttektir eða skýrslur er varða húsnæðismál stofnana bæjarins er algengast að þær séu gerðar samkvæmt beiðni eignasjóðs eða sviðsstjóra umhverfissviðs og alltaf í samráði við forstöðumann viðkomandi stofnunar og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs.

Það er varla skólastjórinn sem tekur einn og sér slíka ákvörðun?

Svar:

Almenna reglan er að ákvarðanir um úttektir og skoðanir á húsnæði stofnana bæjarins eru teknar af starfmönnum eignasjóðs eða sviðsstjóra umhverfissviðs eins og að ofan greinir.